

Formannafundur AKÍS 5. nóvember 2022

Keppnisráð í spyrnu

Halldór Hauksson, AKÍS

Einar Gunnlaugsson, skipaður af BA í stað Brynjars Gauta Schiöth á árinu

Ingimundur Helgason, KK

Skýrsla ráðsins

Á árinu fóru fram Íslandsmót í spyrnu, götuspyrnu og sandspyrnu.

Fimm keppnir voru haldnar í spyrnu, þrjár hjá KK og tvær hjá BA.

Ein keppni var haldin í götuspyrnu hjá BA.

Þrjár keppnir voru haldnar í sandspyrnu, allar hjá BA þ.a. ein sem færð var frá KK og einni keppni var aflýst hjá KK.

Þá hélt KK eitt bikarmót, King of the Street, en BA hélt bikarmót með tveimur keppnum í lok sumars.

Ekki tókst nægilega vel til að keyra sameiginlegt Íslandsmót í spyrnu, að mati ráðsins að, m.t.t. þess að keppendur færu á milli keppnisbrauta. Annað í keppnishaldinu tókst vel og var góð samvinna á milli klúbbanna. Þátttaka í sandspyrnu hefur sjaldan verið eins döpur og í sumar og þurfti KK að aflýsa einni keppni vegna skráningarleysis og önnur var færð til BA. Það þurfti að hafa mikið fyrir því, að hálfu keppnishaldara BA, að ná lágmarksskráningu í flokka í þeim keppnum í sandspyrnu sem haldnar voru.

Á næsta ári er fyrirhugað að keppni á Íslandsmóti í spyrnu verði sex keppnir sem fari fram á brautum KK og BA. Íslandsmót í götuspyrnu verði ein keppni sem fari fram á Bíladögum hjá BA. Íslandsmót í sandspyrnu verði þrjár keppnir, tvær hjá BA og ein hjá KK. Þá eru fyrirhuguð bikarmót í áttungsmílu hjá báðum klúbbum.

Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á keppnisgreinareglum í götuspyrnu. Engar breytingar hafa verið gerðar á reglum fyrir spyrnu og sandspyrnu.